

HÖFUNDARMARK SNORRA

I

Ég hefi áður, í nokkrum greinum, bent á líkingar í máli Heimskringlu og Eglu, til sönnunar því, að bæði þessi stórkostlegu snilldarverk séu eftir sama höfund. En það er einnig fróðlegt að taka Eddu Snorra með í þeim samanburði. Gott dæmi er þetta: Í 12. kap. Eglu er á 2 blaðsíðum 30—31, útg. S. N., þrisvar sinnum sama orðtækið, eða mjög líkt að orði komist: 1. „En yðr er þat sannast at segja“. 2. „Þat er yðr sannast at segja“. 3. „Hitt er satt, konungr“.

En í 47. og 48. kap. Gylfaginningar (s. 84—88 í Reykjavíkúrútgáfu Finns Jónssonar af Eddu Snorra) er þetta orðalag fimm sinnum: 1. „Ok þér satt at segja“. 2. „Ok er nú þat satt at segja“. 3. „En þat er satt at segja“. 4. „Ok er þér þat satt at segja“. 5. „En ek hygg hitt vera þér satt at segja“.

Í Njálu er aðeins í einum stað líkt að orði komist. Njáli eru í 111. kap. lögð þessi orð í munn: „Því at þat er satt at segja“. En í Heimskringlu verður þetta orðtæki, sem höfundur Eglu og Eddu er svo tamt, fyrir oss aftur og aftur; sjá 138; 200; 219; 226; 262 tvisvar; 280; 283; 334. 1. „En þér satt til at segja“. 2. „Yðr satt til at segja“. 3. „En þó yðr satt til at segja“. 4. „Nú er yðr þat, jarl, satt til at segja“. 5. „Ok yðr satt at segja“. 6. „Ek ætla hitt satt at segja“. 7. „Þat er yðr satt at segja, konungr“. 8. „Ok er þat satt at segja“. 9. „Ok er þat satt at segja“.

Í Ásbjarnar sögu Selsbana (Hkr., s. 290) er að orði komist svo að mjög minnir á Eddumál Snorra. Ásbjörn segir: „seint er satt at spyrja!“ Erlingr „sá til hans ok glotti við tönn ok mælti“.

En í Gylfaginningu, 46. kap. segir svo (Útgarða-Loki):

„leit seint til þeirra ok glotti við tönn ok mælti: „seint er um langan veg at spyrja tíðinda“.

II

Því verður ekki neitað, að það er í meira lagi furðulegt, að ekki skuli fyrir löngu hafa verið tekið eftir þeim einkennum á máli höfuðsnillings íslenskrar tungu, sem gera svo auðvelt að átta sig á því, hvaða rit hinna frægu fornbókmennta er til hans að rekja, og hver ekki. Þegar vér höfum uppgötvað kenniorð Snorra og orðalag, getum vér með jafnmikilli vissu sagt, að Egils saga er eftir hann, eins og að einhver annar er höfundur sögu Hvamm-Sturlu föður hans, sem hefir þó verið Snorra eignuð.

Það er oss bæði skylt og hollt, og ætti að vera oss ljúft, að gefa sem nánastar gætur að rithætti þess manns, sem ekki er ólíklegt að kunnað hafi íslensku betur en nokkur maður annar, og meir mun vera að þakka en nokkrum öðrum, að hin göfuga forntunga er ennþá lifandi mál. Og þá ef til vill einnig það, að hið svo langþráða og nauðsynlega sjálfstæði þessarar þjóðar er nú loksins endurheimt. Því að ekki virðist líklegt, að sá þjóðarmetnaður, sem var ómissandi skilyrði fyrir því, að svo gæti orðið, hefði hér getað varðveitst, ef mál forfeðra vorra og formæðra hefði verið tapað og týnt en bjöguð danskra komin í staðinn, eins og um tíma voru allmiklar horfur á að verða mundi.